

Nr. 078 / 13 Fleygur SI 25***Olúlaus og dreginn til hafnar***

Skipaskr.nr. 7005
Smíðaður: Hafnarfirði 1983, plast
Stærð: 3,9 brl. 3 bt.
Mesta lengd: 7,42 m Skráð lengd: 6,72 m
Breidd: 2,16 m Dýpt: 1,42 m
Vél: SABB 22 kW, 1989
Fjöldi skipverja: 1



Fleygur©Fiskifrétir

Gögn:
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 18. október 2013 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 6. júní 2013 var Fleygur SI 25 á strandveiðum á Norðausturmiðum. Veður:

Á veiðunum um eina og hálfu sjómílu norðan Sigluness stöðvaðist vélin og eftir nokkra athugun skipstjóra var ljóst að brennsluolían var búin. Hann óskaði eftir aðstoð og kom Núi ÓF 19 og dró hann til hafnar á Siglufjarðar.

Við rannsókn kom fram:

- að fram kom hjá skipstjóra að olútankurinn er botntankur og hvorki sé olúmælir né dýplunarstíka (mælistíka) til að mæla olúmagn í honum;
- að skipstjóri sagðist hafa haft þá reglu að taka olú annan hvorn róður en eftir síðustu áfyllingu hafi hann farið tvisvar að afla beitu (plægir fyrir kúfiski) og ekki gætt þess að meiri olú þurfti til þess en venjulega. Eftir þetta fyllir hann alltaf upp tankinn áður en farið er á sjó.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.